

21. fundur Samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn þriðjudaginn 17. september 2019 í Ráðhúsinu Egilsstöðum.

Fundurinn hófst kl. 15:00.

Á fundinn eru mættir Björn Ingimarsson, Anna Alexandersdóttir, Björg Björnsdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt, Hildur Þórisdóttir og Aðalheiður Borgþórsdóttir.

Róbert Ragnarsson sem ritaði fundargerð.

Vilhjálmur Jónsson og Elvar Kristjánsson boðuðu forföll.

Björn bauð fundarmenn velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir og telst fundargerðin samþykkt.

2. Kynningaráætlun

Róbert kynnti fjórblöðung sem fylgja mun næstu útgáfu Austurfréttar, sem verður frídreifing um allt svæðið. Hönnun og uppsetning efnis var á höndum H:N markaðssamskipta. Fundarmenn komu með ábendingar um breytingar sem Róbert kemur á framfæri við hönnuð.

Blaðamenn Austurfréttar munu fjalla um tillöguna í blaðinu, þannig að verkefnið mun fá talsverða umfjöllun og íbúar fá innsýn í helstu atriði. Efnið verður jafnframt birt á vefsíðu verkefnisins svausturland.is og verður hægt að dreifa því rafrænt þaðan.

Það eru tækifæri á næstu misserum til að koma verkefninu og sjónarmiðum Austurlands á framfæri.

Á Ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 2. október mun Björn Ingimarsson flytja erindi um verkefnið og á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga þann 3. október mun Gauti Jóhannesson flytja erindi um heimastjórnarhugmyndina.

Á aðalfundi SSA sem fram fer á Borgarfirði 11. október verður umfjöllun um verkefnið, þar sem flestir þingmenn kjördæmisins verða til staðar.

Áfram verður unnið í samræmi við kynningaráætlun sem H:N markaðssamskipti lögðu fram.

3. Íbúafundir

Róbert kynnti tillögu að tímasetningum og fyrirkomulagi íbúafunda í hverju sveitarfélagi. Tillaga um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar verður kynnt á íbúafundum dagana 7.-10. október 2019.

Markmið fundanna er að hvetja íbúa til að kynna sér tillöguna, mynda sér skoðun og taka þátt í kosningunum. Á fundunum verður lögð áhersla á að kynna þá framtíðarsýn sem kemur fram í skýrslunni Sveitarfélagið Austurland sem samstarfsnefnd afgreiddi til umræðu í sveitarstjórnnum og er aðgengileg á vefsíðu verkefnisins. Á grunni skýrslunnar hafa lykilskilaboð verið mótuð, en á íbúafundum gefst tækifæri til að fjalla nánar um einstaka þætti en í almennu kynningarefni.

Fjallað verður um ógnanir og veikleika sem komu fram í vinnu starfshópa og á íbúafundum, t.d. um hvort þjónusta minnki, skólum verði lokað og hvort áhrif heimamanna á málefni nærsamfélags minnki. Sérstaklega verður fjallað um fjármál með það fyrir augum að varpa ljósi á hvort skuldsetning íbúa sé að hækka, eða að nauðsynlegar framkvæmdir muni tefjast frá núverandi áætlunum.

Íbúum gefst tækifæri til að koma spurningum, sjónarmiðum og ábendingum á framfæri á fundinum, bæði munnlega og rafrænt. Streymt verður frá fundunum gegnum fésbókarsíður sveitarfélaganna.

Fundirnir fara fram milli kl. 18:00 og 21:00. Gert er ráð fyrir um klukkustundar framsögu og um 90 mín í spurningar og svör. Þátttakendum verður boðið upp á súpu og meðlæti í fundarhléi. Fundirnir fara fram:

- 7. október Hótel Valaskjálfr Fljótsdalshéraði
- 8. október Herðubreið, Seyðisfjarðarkaupstað
- 9. október Hótel Framtíð Djúpavogshreppi
- 10. október Fjarðarborg, Borgarfjarðarhreppi

Bæjar- og sveitarstjórum var falið að bóka fundarstaði, panta veitingar, finna fundarstjóra og tæknimann til að sjá um streymi.

4. Þingsályktunartillaga sveitarstjórnarráðherra

Björn kynnti umsögn Fljótsdalshéraðs við drög að reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Þar eru gerðar athugasemdir við þann tíma sem Jöfnunarsjóður hyggst greiða framlögin og hvatt til þess að tíminn verði stytur úr sjö árum í fjögur frá sameiningarári. Þá eru gerðar athugasemdir við að útreikningur skuldajöfnunarframlaga miðist aðeins við A-hluta sveitarsjóðs, en það er mat bæjarráðs Fljótsdalshéraðs að eðlilegt sé að miða við skuldahlutfall A- og B-hluta þar sem sveitarsjóður ber í raun ábyrgð á skuldum og skuldbindingum B-hluta fyrirtækja.

Fulltrúar annarra sveitarfélaga tóku undir ábendingar Fljótsdalshéraðs og munu fjalla um málið á vettvangi sveitarfélaganna.

5. Kjördæmavika

Fyrstu viku október er kjördæmavika á Alþingi. Gauti upplýsti að hann hefur verið í sambandi við Kristján Þór Júlíusson 1. þingmann kjördæmisins um að funda með fulltrúum sveitarfélaganna fjögurra. Stefnt er að fundi þann 1. október. Ákveðið að áherslur á fundinum lúti að samgöngumálum og framlögum Jöfnunarsjóðs.

6. Næsti fundur samstarfsnefndar

Ákveðið að næsti fundur fari fram í framhaldi af fundi með þingmönnum þann 1. október.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 16:35.